











Niður, inn, út, upp

(Þetta var svo bara klúr brandari eftir allt sáman)

Pétur Eggerts

H





Niður, inn, út, upp

(Þetta var svo bara klúr brandari eftir allt saman)

Pétur Eggerts

2022

Handa Hirti Páli Eggertssyni

Verkið er fyrir einn flytjanda sem er í hlutverki bæði einleikara og stjórnanda. Verkið krefst aðalhljóðfæris og stjórnendapriks.

Nótur verksins samanstanda af tveimur síðum á gegnsæju plasti auk hvítrar baksíðu. Glæru síðurnar eru merktar H. og P. Kafli H. er talinn í fjórum og kafli P. í fimm. Ávallt skal hefja verkið á síðu H. Flytjanda er frjálst að velja sér eina módúlu af síðunni og leikur hana eftir þeim hætti sem hentar best í hvert sinn og finnur sér svo leið yfir í næstu. Leyfilegt er að flytja tvær-þrjár módúlur í einu og stundum gæti þurft að fara til baka í módúlu sem þegar er lokið. Þegar öllum módúlum síðunnar er lokið amk einu sinni er kafli P lagður ofan á kafla H. Flytjandi hefst nú handa við að finna sér leið í gegnum allar módúlurnar á ný með þeim hætti sem hann telur henta best. Flytjandi skal hlusta af athygli á eigin flutning á meðan þessi togstreita gengur í gegn. Þegar módúlunum er lokið á ný verður flytjandi að velja hvor kafli hafi haft betur í viðureigninni. Sá sem vísar fer fyrir aftan baksíðuna og sigurvegarasíðan er svo leikin af miklu öryggi. Ef óljóst er hvor kafli hafi haft sigur úr bótum er jafntefli og þá eru þeir fluttir aftur saman af miklu óöryggi.

Flytjanda er frjálst að túlka hverja módúlu á sinn hátt og eru engar sérstakar leiðbeiningar. Vísar þær allar í ákveðnar hefðir í merkjalestri sem má nýta sér, en er ekki skylda.

Ekki er heimilt að byrja á kafla P nema flytjandi vilji það frekar.

